



GRÆNA ORKAN

Stjórnarfundur Grænu orkunnar 19.8.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**. Mætt voru Benedikt Stefánsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Íris Hannah Atladóttir, Jóhannes Jóhannesson. Einnig sátu fundinn Jón Björn Skúlason, og Anna Margrét Kornelíusdóttir, sem ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.
2. Gestur fundarins: Þóra Margrét Þorgeirsdóttir, sérfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sagði frá verkefninu Byggjum grænni framtíð (BGF) sem á rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.
Óskað eftir samstarfi við Grænu orkuna um eina aðgerð í vegvísí BGF: *Stuðla að virku samtali meðal opinberra verkkaupa, veitufyrirtækja, sveitarfélaga og byggingaraðila um hvernig hægt sé að tryggja að vatn og rafmagn fyrir vistvænar vinnuvélar og vinnubúðir séu til staðar á framkvæmdasvæðum frá upphafi framkvæmda.*
3. Málefnavinna starfsársins 2021-2022
Hópar málefnavinnu
 - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)
Loftslagsvegvísir atvinnulífsins var birtur í byrjun sumars og þar er mikið fjallað um orkuskipti. Enn þarf að samstillja þætti milli geira og margir aðilar að vinna í sömu átt: Grænvangur, Græna orkan, Loftslagsráð og fleiri. Komin er ákveðin mynd á hlutverk hvers og eins vettvangs og því væri gott að útbúa greinargerð þess efnis (AMK og JBS). Jafnvel bjóða Loftslagsráði og Grænvangi á stjórnarfund og hafa klasafund með þeim aðilum sem vinna að orkuskiptum einu sinni á ári.
 - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)
Þetta mál er í biðstöðu vegna kosninga en fer aftur af stað eftir kosningar og tekur þá tillit til áherslna nýrrar ríkisstjórnar.
 - Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁP)
Vinna vegvísis um vetni og rafeldsneyti er kominn í gang á vegum ANR. Fyrstu drög eru tilbúin og hafa verið send ráðuneytum. 8. september verður fundur með hagsmunaaðilum. Annað eldsneyti þarf að taka fyrir sem hluti af öðru verkefni.
4. Viðburðir 2021-2022
 - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu

NER er farið af stað með undirbúning að kalláætlun fyrir 2022 um rafeldsneyti eingöngu. Nú er verið að kanna áhugasvið landanna og hvaða svið þarf að taka fyrir – endilega senda JBS póst með tillögum. Kallið verður auglýst í febrúar 2022.

- Raforkuspá og eldsneytisspá – í biðstöðu
- Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (haust 2021)
- Orkuskipti í flugvallarstarfsemi (ÁP, BFG og GVS - haust 2021)
Undirbúningur er í gangi með Isavia og gert ráð fyrir vefviðburði 30. september. Erindi frá fulltrúa Avinor, Isavia og Verkís en GVS verður fundarstjóri. Air side og land side mál verða tekin fyrir á fundinum.
- Einnig rætt um [Fit for 55](#) pakkann sem kynntur var í júlí

5. Önnur mál

Niðurstöður kosningar um nýtt enskt heiti Grænu orkunnar. Ekki tekið fyrir á fundinum.

Reykjavík 26. ágúst 2021

Anna Margrét Kornelíusdóttir